



STARFSSKÝRSLA 2005 TIL 2006



**LANDSSAMTÖK
LÍFEYRISSJÓÐA**

**STARFSSKÝRSLA
2005-2006**



Umsjón: Hrafn Magnússon

Prentvinnsla: Prentsmiðjan Oddi hf

Hönnun: Hvíta húsið

Ljósmyndir: Kristján Maack, kápumynd,

G. Róbert Ágústsson, bls. 4, aðrar myndir: Jóhannes Long

EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns	4
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða	6
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða	8
Stjórn og framkvæmdastjóri samtakanna	9
Fulltrúaráð LL	10
Stefnumótun LL	10
Fræðslufundir	11
Yfirfærsla í aldursháð réttindakerfi	12
Rýmkun fjárfestingarheimilda lífeyrissjóða	13
Samningur um stöðu í tryggingalæknisfræði	14
Innheimta stéttarfélagsgjalda	15
Nefnd forsætisráðherra um örorkumál	16
Erlent samstarf	17
Umsagnir	18
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða	20
Ársreikningur 2005	
Skýrsla og áritun stjórnenda á ársreikninginn	23
Áritun endurskoðenda	24
Rekstrarreikningur 2005	25
Efnahagsreikningur	26
Yfirlit um sjóðstreymi 2005	28
Skýringar	29

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Árið 2005 var lífeyrissjóðunum sérlega gjöfult. Landsamtök lífeyrissjóða áætla að raunávöxtun sjóðanna hafi að meðaltali numið um 13,5% á síðasta ári. Ef lítið er til lengri tíma eða síðustu fimm ára nemur raunávöxtunin um 5,8% og ef skoðað er meðaltal síðustu 10 ára nemur raunávöxtunin um 6,3% að meðaltali.

Nú sem fyrr er þaðávöxtun innlendra hlutabréfa sem drifur þessa ávöxtun áfram en Úrvalsvísitala Kauphallarinnar hækkaði um 64,7% frá upphafi til loka síðasta árs, samborið við 58,9% hækkun á árinu 2004.

Á síðasta ári hækkaði heimsvísitala Morgan Stanley um 7,6%, sem mest er borin upp af hækkunum í Evrópu og Japan. Lítil hækkun varð hins vegar í Bandaríkjunum og helstu hlutabréfavísitölur þar í landi stóðu nánast í stað. Þannig lækkaði Dow Jones vísitalan um tæplega 1% og á sama tíma hækkaði Nasdaq vísitalan í Bandaríkjunum aðeins um 1%. Þá styrktist gengi íslensku krónunnar verulega gagnvart erlendum gjaldmiðlum og hækkaði hún um 7,2% á árinu.

Miklar sviptingar hafa verið á íslenska verðbréfamarkaðinum á þessu ári. Miklar hækkanir urðu á hlutabréfum fyrstu mánuðina en síðan niðursveifla í kjölfarið. Þá hefur gengi íslensku krónunnar lækkað umtalsvert gagnvart erlendum gjaldmiðlum eða um 23,8% fyrstu fjóra mánuði ársins. Ljóst er að þeir lífeyrissjóðir sem lagt hafa verulega áherslu á erlendar fjárfestingar, einkum í hlutabréfum, uppskera nú ríkulega með gengisaðlögun krónunnar og er þá ekki tekið tillit til ávöxtunar á erlendum verðbréfa-

mörkuðum. Þessar sveiflur á hlutabréfamörkuðunum og á gengisvísivístölunni færa okkur heim sannindi þess að sú stefna lífeyrissjóðanna að hafa á að skipa vel dreifðu eignasafni er rétt. Þannig getur góð raunávöxtun á erlendum hlutabréfamörkuðum bætt upp slakari fjárfestingarárangur hér innanlands, ef svo ber undir.



Á síðasta ári gerðu Landssamtök lífeyrissjóða úttekt á lögum um fjárfestingar lífeyrissjóða með það fyrir augum að meta þörfina fyrir breytingar á þeim. Kjarninn í niðurstöðu LL var sá að lagt var til að ákvæði lífeyrissjóðalaganna er varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða yrði einfölduð, en um nánari útfærslu yrði kveðið á um í reglugerð.

Að mati LL voru þær breytingar sem lagðar voru fram mjög til þess fallnar að bæta starfsumhverfi lífeyrissjóða og gera þeim enn betur fært að sinna því hlutverki sínu að ná sem bestri ávöxtun á fjármuni lífeyrissjóðanna að teknu tilliti til áhættu. Í þeim tilvikum sem lögð var til rýmkun á gildandi fjárfestingarheimildum var það mat LL að það fæli ekki í sér óforsvaranlega áhættu.

Í framhaldi af þessari vinnu hefur Alþingi nú samþykkt nokkrar veigamiklar breytingar á lífeyrissjóðalögum sem varðar fjárfestingarheimildir þeirra. Tillaga um að nánari útfærsla fjárfestingarheimilda færðist yfir í reglugerð náði þó ekki fram að ganga.

Helstu nýmælin eru þau í fyrsta lagi að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í hlutabréfum var hækkuð úr 50% í 60%. Með því er sveigjanleiki lífeyrissjóða til frekari fjárfestinga í hlutabréfum aukinn, sem ætti að auðvelda sjóðunum enn frekar að ávaxta fé sitt á sem hagkvæmasta hátt á hverjum tíma.

Í öðru lagi er nú heimilt að lána fasteignalán allt að 75% af metnu markaðsvirði fasteignar, í stað 65% áður. Reynsln sýnir að fasteignatryggð lán til sjóðfélaga eru álitlegur fjárfestingakostur fyrir lífeyrissjóðina. Útlánatöp hafa verið hverfandi og áhættudreifing þessa eignaflokks er mög góð.



Í þriðja lagi er nú heimilt að meta hreina eign lífeyrissjóða samkvæmt síðasta uppgjöri innan ársins, sem verið hefur kannað eða endurskoðað af endurskoðanda, í stað þess að miða við síðasta ársuppgjör.

Samkvæmt lífeyrissjóðalögunum skulu sjóðirnir takmarka áhættu í erlendum gjaldmiðlum í heild við 50% af hreinni eign. Ég varpa fram þeirri hugmynd hvort ekki sé skynsamlegra að takmarka áhættu sjóðanna frekar við fjárfestingar á innlendum verðbréfamarkaði í stað erlendra verðbréfaþauka. Er skynsamlegt að lífeyrissjóður fjárfesti allt sitt ráðstöfunarfé innanlands, hvort sem það er í hlutabréfum eða skuldabréfum? Er ekki eðlilegra að lífeyrissjóðirnir fjárfesti ákveðið hlutfall af eignum sínum erlendis, t.d. einn fjórða eignanna að lágmarki? Ef illa árar hér innanlands gæti verið ákjósanlegt að eiga öruggar eignir erlendis, sem gefa góða langtímaávöxtun og sem hægt væri að grípa til þegar best hentar sjóðfélögum, bæði með tilliti til stöðu á erlendum fjármagnsmörkuðum og með tilliti til stöðu íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum.

Af og til hafa spunnist umræður um það í fjölmiðlum og á Alþingi, hvort nauðsynlegt sé að afnema verðtryggingu á lánum. Að mínu mati er þessi umræða á villigötum, því ljóst er að afnám verðtryggingar er mun dýrari fyrir lántakendur þegar til lengri tíma er litið. Lánveitandinn mun ávallt bæta við vextina sérstöku óvissuálagi vegna verðbólgunnar og reynslan erlendis hefur sýnt að þetta álag getur verið bysna hátt. Í skýrslu sem Tryggvi Þór Herbertsson, forstöðumaður Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, vann fyrir Landssamök lífeyrissjóða á árinu 2004, var komist að þeirri niðurstöðu að afnám verðtryggingar mundi skerða eftirlaun lífeyrissjóðanna í framtíðinni. Í skýrslunni kom einnig fram, að ef um mikinn óstöðugleika er að ræða í efnahagslífinu og tíð óvænt verðbólguþot, þá sé líklegra að skuldunautar hagnist á því að verðtryg-

ing sé afnumin, en að skuldunautar tapi aftur á móti ef stöðugleiki og jöfn verðbólga ríkjá. Afnám verðtryggingar gæti einnig aukið óvissu lífeyrisþega hvað varðar kaupmátt lífeyris. Skuldbindingar sjóðanna eru þannig verðtryggðar og ef tryggingin yrði afnumin er ljóst að hætta gæti skapast á misgengi milli eigna og skuldbindinga, því ljóst sé að afnám verðtryggingar myndi hafa mikil áhrif á eignir íslensku lífeyrissjóðanna og þar með á eftirlaun sjóðfélaga.



Íslenska lífeyrissjóðakerfið byggir á traustum grunni og er einn af hornsteinum íslensks þjóðfélags. Kerfið byggir á heilstæðri rammalöggjöf um lífeyrissjóðina, þar sem m.a. er kveðið á um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, lágmarksréttindi og eftirlit með starfsemi sjóðanna.

Þegar horft er til framtíðar má fastlega búast við því að meðalævi sjóðfélaga lengist frá því sem nú er, sem aftur eykur lífeyrisskuldbindingar sjóðanna. Þá bendir margt til þess að frekari þróun verði í sameiningu sjóða þannig að eftir nokkur ár verði starfandi mun færri sjóðir en nú er.

Í ljósi örrar þróunar á fjármálamörkuðum hér á landi og erlendis munu fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna að öllum líkindum verða rýmkaðar enn frekar á næstu árum. Allir framangreindir þættir, sem móta starfsumhverfi lífeyrissjóðanna á næstu árum, eru í senn spennandi og ögrandi verkefni fyrir starfsfólk sjóðanna og stjórnir þeirra. Árangur einstakra lífeyrissjóða ræðst af hæfni þeirra til að takast á við breytt umhverfi og eðlilega framþróun á næstu árum.

Fyrir hönd stjórnar Landssamtaka lífeyrissjóða vil ég að lokum þakka framkvæmdastjóra LL og lífeyrissjóðunum fyrir ánægjuleg samstarf og samskipti á liðnu starfsári.

Friðbert Traustason





AÐALFUNDUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða var haldinn á Grand Hótel Reykjavík 11. maí 2005. Ari Edwald stjórnaði fundi en fundarritari var Kristján Örn Sigurðsson.

Friðbert Traustason, formaður LL, flutti skýrslu stjórnar. Í máli hans kom m.a. fram að íslenska lífeyriskerfið væri einstakt og að Evrópusamtök lífeyrissjóða hefðu kynnt kerfið sem þá fyrirmynd sem aðrar þjóðir ættu að stefna að. Hann sagði það ótrúlegra fyrirhyggju þeirra sem þá sátu við samningaborðið á sjöunda áratug síðustu aldar og það væri þeim að þakka að lífeyrissjóðaskerfi okkar væri svona öflugt.

Í máli Friðberts kom fram að árið 2004 hafi á ýmsan hátt verið lífeyrissjóðunum hagstætt. Mikil hækkun hafi verið á innlenda hlutabréfamarkaðinum. Þannig hækkaði Úrvalsvístala Kauphallar Íslands um 58,9% á árinu. Á liðnu ári hækkaði heimsvísitala Morgan Stanley um 12,8%, en helstu hlutabréfavísitölur í Bandaríkjunum hækkuðu minna. Þannig hækkaði DowJones vísitalan aðeins um rúmlega 3% og Nasdaq um tæplega 9%. Þessar hækkanir á erlendum hlutabréfamörkuðum skiluðu sér ekki í betri ávöxtun lífeyrissjóðanna, þar sem íslenska krónan styrktist á móti USD um 13,9%.

Þrátt fyrir hræringar á verðbréfamörkuðum náðu lífeyrissjóðirnir mjög góðum árangri. Talið er að meðalraunávöxtun sjóðanna hafi verið um 10,5% í fyrra. Þetta sé góður fjárfestingarárangur annað árið í röð, en á árinu 2003 nam raunávöxtun sjóðanna 11,3% að meðaltali. Raunávöxtun sjóðanna var hins vegar mjög misjöfn. Þeir lífeyrissjóðir sem eiga töluverðar eignir í innlendum hlutabréfum uppskáru ríkulega á árinu. Meðalávöxtun lífeyrissjóðanna síðustu fimm árin er þó enn frekar slök eða um 3%, sem rekja má til neikvæðrar raunávöxtunar sjóðanna á árunum 2000 til 2002. 10 ára meðaltalið er hins vegar mun betra eða um 5,6%, og frá því að haldgóðar mælingar hófust á meðalávöxtun sjóðanna, á árinu 1991, þá hefur raunávöxtunin numið að meðaltali um 5,9% á ári. Samkvæmt áætlun Seðlabanka Íslands, sem byggð er á úrtaki 25 stærstu lífeyrissjóðanna, námu heildareignir lífeyrissjóðanna 974 milljörðum króna um síðustu áramót og höfðu aukist um 150 milljarða króna á árinu 2004 eða um 18%. Eignir lífeyrissjóðanna voru um síðustu áramót um 110% af vergri þjóðarframleiðslu. Í febrúar á árinu 2005 náðist merkur áfangi þegar eignir lífeyrissjóðanna námu 1.000 milljörðum króna. Erlendar eignir lífeyrissjóðanna námu um 22% af heildareignum í lok árs 2004 og voru svipað hlutfall eigna og undanfarin ár.

Góður fjárfestingarárangur lífeyrissjóðanna hafi bætt tryggingafræðilega stöðu þeirra. Þrátt fyrir það séu ýmsar blikur á lofti í starfsumhverfi sjóðanna. Í fyrsta lagi heldur meðalævi Íslendinga áfram að lengjast. Þannig hafi ólífud meðalævi 65 ára karla á undanförunum þremur áratugum

lengst um 18% og meðalævi kvenna lengst um rúm 15%. Við þessa breytingu hafi tryggingafræðileg staða leitt til rúmlega 5% hækkunar á framreiknuðum heildarskuldbindingum lífeyrissjóðanna. Í öðru lagi hafi tíðni örorku aukist mjög mikið á undanförunum árum. Örorkubyrðin leggst hins vegar misjafnt á lífeyrissjóðina. Hér er um svo mikið vandamál að ræða að grípa verður til róttækra ráðstafana, m.a. verður ríkisvaldið að koma að þessum málum, enda er oft um að ræða örorku vegna félagslegra aðstæðna, sem óeðlilegt er að leggist með fullum þunga á einstaka lífeyrissjóði. Ýmis önnur úrræði koma til greina til að lækka örorkubyrði sjóðanna og má þar t.d. nefna að lífeyrissjóðirnir þurfa í ríkari mæli að koma að skipulagningu og fjármögnun sameiginlegra verkefna á sviði starfendurhæfingar, svo og með því að gera þjónustusamninga við endurhæfingarstöðvar.

Í desember 2004 undirrituðu Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands samkomulag um framtíðarskipulag lífeyriskerfisins. Stefnt sé að því að tekin verði upp aldurstengd réttindaávinnsla í stað jafnrar réttindaávinnslu. Unnið hefur verið að því að þróa aðferð við yfirfærslu úr jafnri í aldurstengda réttindaávinnslu. Ljóst sé að um er að ræða flókið ferli og ekki einhlítt hvernig standa ber að slíkri kerfisbreytingu. Þó stefnumörkun á þessu sviði sé á forræði aðila vinnumarkaðarins, þá leggur stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða áherslu að yfirfærslan geti gengi vel fyrir sig og að samræmis sé gætt á milli sjóða um framkvæmdina. Landssamtökin eru reiðubúin að leggja sitt af mörkum svo þessi flókna kerfisbreyting geti tekist sem best í framkvæmd.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallar Íslands, fjallaði um framtíð íslenska verðbréfamarkaðarins og velti því upp hvort hægt væri að tryggja vöxt og viðgang markaðarins á næstu árum. Einnig fjallaði hann um mikilvægi lífeyrissjóða að innlendum verðbréfamarkaði.

Ennfremur ræddi Þórður um að áfram yrði mikil eignamyndum í lífeyrissjóðum og það væri mikilvægt verkefni að ávaxta þessar eignir. Skuldabréf yrðu áfram fyrirferðamikil en líklegt að vægi hlutabréfa fari vaxandi. Einnig sagði hann að ávöxtun gæti orðið sveiflukenndari en ætti engu að síður að vera vel viðunandi.

Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ, ræddi í upp-hafi um vanda íslenska lífeyriskerfisins. Hann sagði kerfið í heildina sterkt en ýmsar blikur væru á lofti um að vandi gæti steðjað að kerfinu. Bent var á mismunandi samsetningu sjóðfélaga m.t.t. tryggingafræðilegra þátta. Í því samhengi var rætt um aldur, kyn, búsetu, slysa- og örorkuáhættu. Einnig var bent á mismunandi ávöxtun en það hefði þó ekki afgerandi áhrif.

Í viðræðum ASÍ og SA hefðu komið fram að mikilvæg rök hniga í þá átt að taka upp aldurstengda réttindaávinnslu.

Lífeyrissjóðirnir ættu við ýmis kerfislæg vandamál að glíma, m.a. vegna aukinnar örorkubyrði. Lífeyrisnefnd ASÍ hafi lagt áherslu á að tekin verði upp aldurstenging lífeyrisréttinda í almenna lífeyriskerfinu. Staðið verði vörð um réttindi þeirra sem greitt hafa lengi til stigakerfis og til þess að svo geti orðið þarf að leggja upp með langan aðlögunartíma inn í framtíðina. Örorkubyrði hafi vaxið og í kjarsamningunum í mars 2004 hafi verið rætt við stjórnvöld um að stjórnvöld myndu axla fjárhagslega byrði vegna örorku samhliða breytingum á ýmsum réttindaákvæðum.

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, kynnti ársreikning samtakanna fyrir árið 2004 og var hann borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Lögð var fram tillaga um kosningu í aðalstjórn og varastjórn og voru þær breytingar gerðar á aðalstjórn að í stað Árna Guðmundssonar, sem gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu, var kjörinn Gunnar Baldvinsson. Nokkrar breytingar voru gerðar á varastjórn samtakanna og voru Arnaldur Loftsson og Elsa B. Friðfinnsdóttir kjörin sem nýir varamenn.

Að lokinni kynningu Hrafns Magnússonar á fjárhagsáætlun LL fyrir árið 2005, var greint frá skipan fullrúaráðs LL fyrir næsta kjörtímabil.

Kirkjugólfið á Kirkjubæjarklaustri




HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

HLUTVERK SAMTAKANNA ER:

- Að gæta í hvívetna hagsmunum sjóðfélaga.
- Að vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum sem varða heildarhagsmunum þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmunum aðildarsjóðanna.
- Að hafa frumkvæði í almennri umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri ímynd þeirra.
- Að vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- Að stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- Að fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi samtaka lífeyrissjóða.
- Að vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þeirra og tilgangi.

Útlán og verðbréfaeign lífeyrissjóða 1993–2005



STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKANNA

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð átta aðalmönnum og átta varamönnum. Kjörtímabil aðalmanna er tvo ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og alla varamennina. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn samtakanna er þannig skipuð:

Friðbert Traustason, *formaður*
 Arnar Sigurmundsson, *varaformaður*
 Gunnar Baldvinsson
 Haukur Hafsteinsson
 Margeir Daníelsson
 Víglundur Þorsteinsson
 Þorbjörn Guðmundsson og
 Þórunn H. Sveinbjörnsdóttir

Vararstjórnin er þannig skipuð: Arnaldur Loftsson, Björn Snæbjörnsson, Elsa B. Friðfinnsdóttir, Friðjón Sigurðsson, Jón G. Kristjánsson, Pétur Sigurðsson, Sigurbjörg Björnsdóttir og Stefán Halldórsson.

Á kjörtímabili stjórnarinnar voru haldnir alls 10 fundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum samþykktá samtakanna.

Skrifstofa Landssamtaka lífeyrissjóða er að Sætúni 1, Reykjavík, sími 563-6450, fax 563-6401. Skrifstofuhald er í samrekstri með Greiðslustofu lífeyrissjóða. Heimasíða LL er með vefslóðina <http://www.ll.is> og netfang samtakanna er ll@ll.is. Framkvæmdastjóri LL er Hrafn Magnússon. Hefur hann með höndum daglegan rekstur samtakanna.



Talið frá vinstri neðri röð: Þórunn Sveinbjörnsdóttir, Friðbert Traustason og Sigurbjörg Björnsdóttir, varamaður. Efri röð frá vinstri: Hrafn Magnússon, Gunnar Baldvinsson, Þorbjörn Guðmundsson, Arnar Sigurmundsson, Arnaldur Loftsson, varamaður, og Margeir Daníelsson. Á myndina vantar Hauk Hafsteinsson og Víglundur Þorsteinsson



STEFNUMÓTUN LL

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða kynnti á fulltrúaráðsfundi samtakanna stefnumótunarvinnu stjórnarinnar. Er þetta í þriðja skiptið sem stjórn LL leggur fram stefnumótun fyrir samtökin, en síðast var það gert árið 2002. Sérstaka athygli vakti framtíðarsýn stjórnarinnar í málefnum lífeyrissjóðanna.

Framtíðarsýn:

- Meðalævi lengist, skuldbindingar aukast enn
- Lífeyrissjóðum fækkar áfram
- Sveigjanlegar lífeyrisgreiðslur og iðgjöld
- Lífeyrissparnaður eykst
- Meiri kröfur um upplýsingagjöf
- Meiri samkeppni milli lífeyrissjóða
- Fjarfestingarheimildir verða rýmkaðar
- Uppgjörsreglur breytast

Íslenska lífeyrissjóðakerfið byggir á traustum grunni og er einn af hornsteinum íslensks þjóðfélags. Kerfið byggir á heilstæðri rammalöggjöf um lífeyrissjóðina þar sem m.a. er kveðið á um skyldutryggingu lífeyrisréttinda, lágmarksréttindi og eftirlit með starfsemi sjóðanna.

Þegar horft er til framtíðar má fastlega búast við því að meðalævi sjóðfélaga lengist frá því sem nú er sem eykur lífeyrisskuldbindingar sjóðanna.

Margt bendir til þess að frekari þróun verði á sameiningu sjóða þannig að eftir nokkur ár verði starfandi mun færri sjóðir en nú er, jafnvel á bilinu tíu til fimmtán sjóðir.

Með auknum viðbótarlífeyrissparnaði almennings gefst einnig möguleiki á sveigjanlegum lífeyrisgreiðslum. Enn-

fremur má búast við auknum sveigjanleika varðandi innborguð iðgjöld sjóðfélaga, t.d. að heimildir launþega til viðbótarlífeyrissparnaðar verði auknar.

Þá mun lífeyrissparnaður af ýmsum toga að öllum líkindum aukast verulega á næstu árum, því ljóst er að sú kynslóð sem nú er á vinnualdri mun gera meiri kröfur til lífsgæða þegar hún hættir launuðum störfum og fer að njóta uppsafnaðs lífeyrissparnaðar.

Meiri kröfur verða einnig gerðar til lífeyrissjóðanna um upplýsingagjöf en verið hefur bæði af hálfu hins opinbera og sjóðfélaga.

Búast má við að íslenskir lífeyrissjóðir verði fyrir vaxandi samkeppni af hálfu erlendra lífeyrissjóða og vörsluaðila lífeyrissparnaðar í framtíðinni. Íslensku lífeyrissjóðirnir eru í sterkri stöðu til að mæta slíkri samkeppni sem mun kalla á ýmsar nýjungar í starfsemi sjóðanna og fleiri afurðir.

Líklegt er að uppgjörsreglum lífeyrissjóðanna verði breytt í framtíðinni þannig að sem flestar eignir sjóðanna færast á markaðsvirði. Það auðveldar samanburð sjóðanna varðandi stöðu þeirra, ávöxtun og fjárfestingarárangur.

Í ljósi örrar þróunar á fjármálamörkuðum hér á landi og erlendis munu fjárfestingarheimildir lífeyrissjóðanna að öllum líkindum verða rýmkaðar á næstu árum.

Allir þessir þættir sem móta starfsumhverfi lífeyrissjóðanna á næstu árum eru í senn spennandi og ógrandi verkefni fyrir starfsfólk sjóðanna og stjórnir þeirra. Hvernig til tekst fer síðan eftir árangri einstakra lífeyrissjóða og hæfni þeirra til að takast á við breytt umhverfi og framþróun á næstu árum.

FULLTRÚARÁÐ LL

Hver lífeyrissjóður innan Landssamtaka lífeyrissjóða tilnefniir tvo fulltrúa í fulltrúaráð samtakanna. Auk þeirra eiga sæti í fulltrúaráðinu stjórn og varastjórn samtakanna. Formaður stjórnar skal jafnframt vera formaður fulltrúaráðsins.

Fulltrúaráð skal boðað til fundar á milli aðalfunda eða þegar fimm fulltrúaráðsmenn eða fleiri bera um það ósk til formanns. Verkefni fulltrúaráðsins skal vera að ræða sameiginleg markmið lífeyrissjóðanna og stuðla að samheldni þeirra á milli auk þess að fjalla um þau mál sem hæst ber í starfsemi lífeyrissjóðanna á hverjum tíma.

Stjórn LL boðaði til fulltrúaráðsfundar 6. desember á síðasta ári. Friðbert Traustason greindi frá starfsemi samtakanna og þróun lífeyrismála síðustu mánuði. Ari Edwald fjallaði um samkomulag ASÍ og SA og um yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar um lífeyrismál. Gunnar Baldvinsson og Hrafn Magnússon fóru yfir stefnumótunarvinnu stjórnar LL um íslenska lífeyrissjóðakerfið og um starfsemi samtakanna.

FRÆÐSLUFUNDIR

Að vanda voru haldnir nokkrir fræðslu- og samráðsfundir á kjörtímabili stjórnar samtakanna.

Fundur um starfsábyrgðartryggingu lífeyrissjóða.

Eins og kunnugt er hafa vel flestir lífeyrissjóðir tekið sam- eiginlega sérstaka starfsábyrgðartryggingu fyrir sjóðina og stjórnendur þeirra. Um er að ræða vernd fyrir lífeyrissjóð- ina og persónulega vernd fyrir stjórnarmenn og stjórn- endur sjóðanna.

Í upphafi árs 2002 var haldinn sérstakur kynningarfund- ur um starfsábyrgðartrygginguna. Landssamtök lífeyr- issjóða töldu orðið nauðsynlegt að fara aftur yfir bótasvið tryggingarinnar enda langur tími liðinn frá síðasta kynn- ingarfundum. Sá fundur var haldinn 15. nóvember s.l. Frum- mælandi var *Richard Elias*, stjórnarformaður Hyperion Insurance Group.

Samráðsfundur með tryggingalæknum.

Í samningi Landssamtaka lífeyrissjóða við tryggingalækna frá árinu 2003 um mat á orkutapi, er gert ráð fyrir því að öðru hverju skuli boða til fundar með læknum og fara þá yfir stöðu mála, einkum með hliðsjón af þeim vandamálum, sem upp hafa komið. Slíkur samráðsfundur var haldinn 15. nóvember s.l. Þar gafst kærkomið tækifæri að fara yfir framkvæmd örorkumata fyrir lífeyrissjóðina og koma fram með ábendingar og athugasemdir á framkvæmd sam- komulagsins. Samráðsfundurinn var aðallega sniðinn fyrir starfsfólk sjóðanna, sem vinnur að lífeyrisúrskurðum.

Fundur um óhefðbundnar fjárfestingar.

Þann 21. mars s.l. héldu Landssamtök lífeyrissjóða fund um óhefðbundnar fjárfestingar. Fjallað var um fjárfestingar í framtakssjóðum (*Privat Equity*), vogunarsjóðum (*Hedge Funds*) og fasteignasjóðum (*Real Estate*).

Framsögumenn voru þeir *Tryggvi Tryggvason*, forstöðu- maður eignastýringar *Gildis – lífeyrissjóðs*, *Ólafur Sigurðsson*, framkvæmdastjóri *Lífeyrissjóðsins Lífiðnar* og *Róbert Róbertsson*, forstöðumaður eignastýringar *Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins*.

Lífeyrissjóðirnir hafa á umliðnum árum aðallega fjár- fest í erlendum hlutabréfasjóðum, en á síðustu misserum hafa sjóðirnir þó í einhverju mæli fjárfest í ofangreindum eignaflokkum. Af hverju er það gert? Eru þessi eignaflokkar ákjósanlegir í eignasöfnun lífeyrissjóðanna? Hvað ber helst að varast við þessar fjárfestingar? Þessum spurningum og mörgum fleirum var leitast við að svara á fundinum.

Örorkuráðstefna LL.

Landssamtök lífeyrissjóða efndu til fjölmennrar örorkuráð- stefnu þann 6. apríl s.l. Framsögumenn voru eftirtaldir:



Skógafoss

Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri Sam- taka atvinnulífsins, sem fjallaði um „*Lífeyrskerfi í umbreyt- ingu - samspil almannaþrygginga og lífeyrissjóða*,” með hliðsjón af nýlegri skýrslu SA um íslenska lífeyrskerfið í umbreytingu.

Sigurður Thorlacius, dósent í tryggingalækni- sfræði, fjallaði um „*Hvaða gagn geta lífeyrissjóðirnir haft af nýju starfi dósents í tryggingalækni- sfræði?*” en Sigurður mun m.a. stunda rannsóknir á sviði tryggingalækni- sfræði, m.a. á grundvelli gagna frá lífeyrissjóðunum.

Stefán Ólafsson, prófessor hjá Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, greindi frá skýrslu sinni um „*Örorku og vel- ferð á Íslandi og öðrum vestrænum löndum*” með áherslu á þá þætti skýrslunnar sem varða fjölgun öryrkja og starfs- endurhæfingarúrræði.

Pétur H. Blöndal, alþingismaður, fjallaði um hugmyndir sínar og tillögur um „*Örorkumatið og samspil lífeyrissjóða við önnur tryggingakerfi*” og þ.á.m. um vandamál í núver- andi kerfi tekjutryggingar vegna örorku, veikinda og slysa.

Guðrún Hannesdóttir, forstöðumaður Hringará, hafði framsögu um mikilvægi menntunar sem liður í starfsend- urhæfingu í erindi sínu sem hún nefndi „*Mennt er máttur - Hringará, stikla til starfs.*”

Að lokum flutti erindi Gunnar K. Guðmundsson, yfir- lækni atvinnulegar endurhæfingar á Reykjalundi. Erindið sem nefndist „*Réttur til vinnu í stað bóta*” fjallaði um hvaða endurhæfingarleiðir væru færar þegar að grípa á strax inn í vegna veikinda.

Umræður og samantekt fóru síðan fram undir stjórn Arn- ars Sigurmundssonar. Ráðstefnustjóri var Þórunn Svein- björnsdóttir.

YFIRFÆRSLA Í ALDURSHÁÐ RÉTTINDAKERFI

Eins og kunnugt er hafa mjög margir lífeyrissjóðir á almennum vinnumarkaði fært sig yfir í réttindaávinnslukerfi, sem felur í sér að iðgjöld skapa mismunandi mikil lífeyrisréttindi eftir því hvenær á starfsævinni þau eru greidd, þ.e. svokallað aldursháð réttindakerfi. Sjóðirnir hafa valið nokkrar leiðir við breytingarnar. Ýmsir sjóðir hafa að fyrirmynd Gildis-lífeyrissjóðs hagað breytingunum með þeim hætti, að sjóðfélagar sem uppfylla ákveðin skilyrði geti haldið áfram að mynda réttindi í jafnri ávinnslu að tilteknu hámarki, og eru því sjóðirnir að leitast við að breytingarnar hafi sem minnst áhrif á sjóðfélagana, þegar horft er til réttindaávinnslnunnar yfir alla starfsævina. Fyrir liggur að auk Gildis-lífeyrissjóðs hafa Lífeyrissjóður Vestmannaeyja, Lífeyrissjóður Suðurlands, Lífeyrissjóður Vesturlands, Lífeyrissjóður Austurlands, Lífeyrissjóður Vestfirðinga, Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda og Lífeyrissjóður verzlunarmanna tekið upp fyrrgreinda leið blandaðrar ávinnslu réttinda.

Mikilvægt var að lífeyrissjóðir gerðu með sér samkomulag um gagnkvæma viðurkenningu á heimild sjóðfélaga til þess að halda áfram iðgjaldsgreiðslum til jafnrar ávinnslu, til að milda áhrif þeirra á þá sjóðfélaga sem ef til vill færast á milli lífeyrissjóða með hliðstæða réttindauppbyggingu.

Undirbúningsvinna að gerð samkomulags um gagnkvæma viðurkenningu á iðgjaldsgreiðslum við ákvörðun réttar til jafnrar ávinnslu lífeyrisréttinda var unnin á vettvangi Landssamtaka lífeyrissjóða í októbermánuði s.l. Rétt er að taka fram að ákvæði samkomulags um samskipti lífeyrissjóða frá árinu 1999, um réttindi vegna iðgjaldsgreiðslna til fleiri en eins lífeyrissjóðs, gilda ekki um rétt til jafnrar ávinnslu réttinda hjá lífeyrissjóðum sem aðild eiga að framangreindu samkomulagi. Úrskurðar- og umsagnarnefnd, sem skipuð er af Landssamtökum lífeyrissjóða, samkvæmt samskiptasamkomulagi lífeyrissjóða frá 1999, annast einnig framkvæmd samkomulags um gagnkvæma viðurkenningu á iðgjaldsgreiðslum við ákvörðun réttar til jafnrar ávinnslu lífeyrisréttinda.

Í dögun



RÝMKUN FJÁRFESTINGARHEIMILDA LÍFEYRISSJÓÐA

Á síðasta ári gerðu Landssamtök lífeyrissjóða úttekt á reglum um fjárfestingar lífeyrissjóða með það fyrir augum að meta þörfina fyrir breytingar á þeim. Verkið var unnið með þeim hætti að skipuð var nefnd á vegum LL sem fór yfir gildandi reglur á þessu sviði og lagði mat á þær breytingar sem orðið hafa frá gildistöku lífeyrissjóðalaganna nr. 129/1997 á starfsumhverfi lífeyrissjóða og eignasafni þeirra. Stjórn LL fylgdist með framvindu vinnunnar, haldinn var almennur samráðsfundur á vegum LL þar sem fulltrúum allra lífeyrissjóða gafst færi á að kynna sér tillögur vinnuhópsins og þeim gefinn kostur á að skila inn skriflegum athugasemdum.

Kjarninn í niðurstöðu LL var sá að lagt var til að ákvæði lífeyrissjóðalaganna er varða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða yrði einfölduð en um nánar útfærsla yrði kveðið á um í reglugerð. Eftir sem áður yrði að verulegu leyti byggt á kvótabundnum takmörkunum en einnig var áréttað mikilvægi þess að fjárfestingarákvarðanir byggji á traustum grunni og vönduðum vinnubrögðum (Prudent Manner).

Að mati LL voru þær breytingar sem lagðar voru fram mjög til þess fallnar að bæta starfsumhverfi lífeyrissjóða og gera þeim enn betur fært að sinna því hlutverki sínu að ná sem bestri ávöxtun á fjármuni lífeyrissjóðanna að teknu tilliti til áhættu. Í þeim tilvikum sem lögð er til rýmkun á gildandi fjárfestingarheimildum var það mat LL að það fæli ekki í sér óforsvaranlega áhættu.

Landssamtök lífeyrissjóða kynntu tillögur sínar fyrir fjármálaráðuneytinu, en eins og kunnugt er fer fjármálaráðherra með framkvæmd lífeyrissjóðalaganna, annast undirbúning lagabreytinga og setur reglugerðir á grundvelli lífeyrissjóðalaganna. Auk þess voru tillögur samtakanna kynntar fyrir Fjármálaeftirlitinu.

Í framhaldi af þessari vinnu LL hefur Alþingi nú samþykkt nokkrar veigamiklar breytingar á lífeyrissjóðalögum sem varðar fjárfestingarheimildir þeirra. Tillaga um að nánari útfærsla fjárfestingarheimilda færðist yfir í reglugerð náði að þessu sinni þó ekki fram að ganga.

Helstu nýmælin eru þau að heimild lífeyrissjóða til að fjárfesta í hlutabréfum var hækkuð úr 50% í 60%, en auk þess er nú heimilt að lána fasteignalán allt að 75% af metnu markaðsvirði í stað 65% áður.


Lífeyrissjóðirnir hafa lengi nýtt sér þá heimild í lögum að veita sjóðfélögum sínum fasteignaveðlán. Reynslan sýnir að þessi fjárfestingakostur er álitlegur fyrir lífeyrissjóðina. Útlánatöp hafa verið hverfandi og áhættudreifing þessa eignaflokks er mög góð. Vextir sjóðfélagalána eru almennt ákvarðaðir með hliðsjón af ávöxtunarkröfu ríkistryggðra skuldabréfa, að viðbættu tilteknu álagi m.t.t. aðstæðna á markaði hverju sinni. Þessi ávöxtunarkostur er því almennt hagstæð viðbót við skuldabréfasafn lífeyrissjóða. Í ljósi breyttrar samkeppnisstöðu á fasteignalánmarkaði var

ljóst að gildandi takmörkun á veðsetningarheimild setti lífeyrissjóðunum óþarflega þröngar skorður. Í ljósi breyttrar aðstæðna á fasteignalánmarkaði var því þetta hlutfall hækkað úr 65% í 75% af markaðsvirði.

Þá var heimild lífeyrissjóða að fjárfesta í hlutabréfum úr 50% í 60% af eignum samþykkt. Með því er sveigjanleiki lífeyrissjóða til frekari fjárfestinga í hlutabréfum aukinn, sem ætti að auðvelda sjóðunum að ávaxta fé sitt á sem hagkvæmastan hátt á hverjum tíma.

Í þriðja lagi er nú heimilt að meta hreina eign lífeyrissjóða samkvæmt síðasta uppgjöri innan ársins sem verið hefur kannað eða endurskoðað af endurskoðanda í stað þess að miða við síðasta ársuppgjör. Meginástæður þess eru þær, að örar breytingar á verðbréfamarkaði á gengi verðbréfa geta leitt til verulegra breytinga á hreinni eign lífeyrissjóða frá síðasta endurskoðaða ársuppgjöri. Við slíkar aðstæður kann viðmiðun við síðasta ársuppgjör að takmarka svigrúm lífeyrissjóða til að nýta sér þau fjárfestingartækifæri sem kunna að bjóðast með tilheyrandi skerðingu á ávöxtun.

Keilir



SAMNINGUR UM STÖÐU Í TRYGGINGALÆKNISFRÆÐI

Landssamtök Lífeyrissjóða, Tryggingastofnun ríkisins og Samband íslenskra tryggingafélaga gerðu í janúar s.l. samning um fjármögnun á starfi dósents í tryggingalæknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands. Markmiðið er að efla rannsóknir og kennslu á þessu sviði en um er að ræða stöðu dósents í fullu starfi til fimm ára. Sigurður Thorlacius, tryggingayfirlæknir, hefur verið ráðinn í stöðuna. Miðað er við að starfsskyldur Sigurðar skiptist með venjubundnum hætti milli rannsókna, kennslu og stjórnunar. Gert er ráð fyrir því að staðan breytist í prófessorsstöðu á samnings- tímanum.

Sigurður mun stunda rannsóknir á sviði tryggingalæknisfræði, m.a. á grundvelli gagna frá Tryggingastofnun, lífeyrissjóðum og váttryggingafélögum og í samvinnu við þessa aðila og fræðimenn. Rannsóknirnar geta m.a. fjallað um forsendur örorku sem metin er hjá TR vegna lífeyrstrygginga almannatrygginga, orsakir orkutaps samkvæmt niðurstöðum örorkumats hjá lífeyrissjóðunum, forsendur matsgerða samkvæmt skaðbótalögum vegna slysa, sam-

spil heilsufars og félagslegra aðstæðna í örorku/orkutapi, viðfangsefni í sjúkra-, slysa- og líftryggingum og viðfangsefni í sjúklingatryggingu. Ennfremur er Sigurði ætlað að stunda kennslu og fjalla m.a. um uppbyggingu velferðarkerfisins á Íslandi og gerð læknisvottorða.

Söldýrkendur



INNHEIMTA STÉTTARFÉLAGSGJALDA

Fjármálaeftirlitið hefur talið að innheimta lífeyrissjóðanna á stéttarfélagsgjöldum kunni að brjóta í bága við ákvæði laga um starfsemi lífeyrissjóðanna.

Landssamtök lífeyrissjóða andmæltu þessari túlkun Fjármálaeftirlitsins og bentu á að við setningu laga nr. 129/1997 hafði sú framkvæmd staðið í áratugi að fjölmargir lífeyrissjóðir landsins önnuðust innheimtu gjalda fyrir stéttarfélög sem stóðu að viðkomandi lífeyrissjóði. Voru það fyrst og fremst hagkvæmisástæður sem lágu að baki þeirri tilhögun, enda væru þessi gjöld innheimt samhliða lífeyrissjóðsiðgjöldum og reiknist almennt af sama stofni og iðgjöld til lífeyrissjóðanna. Er hagræðið af þeirri tilhögun fyrir atvinnulífið augljóst. Með lögum nr. 55/1980 um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda væri hvoru tveggja fjallað um skyldu vinnuveitenda til að halda eftir lífeyrissjóðsiðgjöldum, svo og stéttarfélagsiðgjöldum og fleiri gjöldum til stéttarfélaga. Þá væri í lögnum öllum þessum gjöldum veittur réttur til forgangs í þrotabúi vinnuveitenda, sem hefði haft þau áhrif að festa þessa tilhögun innheimtunnar frekar í sessi. Hefði þessi framkvæmd þróast í tímans rás og tölvukerfin sem halda utan um innheimtuna tekið breytingum með hliðsjón af þessari innheimtu.


Framangreind innheimta lífeyrissjóðanna var því alþekkt á þeim tíma er lög nr. 129/1997 voru sett, enda um almenna framkvæmd að ræða. Höfundar frumvarpsins að lögnum þekktu þessa innheimtu lífeyrissjóðanna en margir þeirra höfðu starfað á vettvangi stéttarfélaga og samtaka þeirra eða samtaka vinnuveitenda eða störfuðu sem lögfræðingar á því sviði. Þá var löggjafanum almennt fullkunnugt um þessa tilhögun. Hvergi væri í frumvarpinu vísað til þess að með setningu laganna stæði til að breyta henni eða að lífeyrissjóðum skuli ekki lengur heimilt að annast þessa innheimtu fyrir stéttarfélögin samhliða innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda.

Tilgangur 20. gr. laga nr. 129/1997 væri fyrst og fremst sá að tryggja að lífeyrissjóðir hefðu ekki á hendi aðra starfsemi sem bakar þeim kostnað eða hefði í för með sér aðra áhættu en tengist beint lífeyrissjóðsrekstrinum. Kostnaður lífeyrissjóðanna af innheimtu fyrir stéttarfélögin væri greiddur af stéttarfélögnum.

Fjármálaeftirlitið taldi hins vegar að stéttarfélaginnheimta lífeyrissjóðanna væri ekki heimil samkvæmt lífeyrissjóðalögnum og því þótti Landssamtök lífeyrissjóða rétt að beita sér fyrir því að ákvæði yrðu sett í lífeyrissjóðalögin sem tækju af öll tvímæli um lögmæti þess að lífeyrissjóðir gætu innheimt stéttarfélagsgjöld. Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis tók mjög vel í þessa málaleitan Landssamtaka lífeyrissjóða og afgreiddi samhljóða tillögu til breytinga á lífeyrissjóðalögnum í þessa veru, sem samþykkt var móttakvæðalaust á Alþingi.

Lífeyrissjóðum er nú heimilt að stofna til samstarfs við þá aðila sem standa að sjóðunum um innheimtu iðgjalda fyrir þá samhliða innheimtu lífeyrissjóðsiðgjalda. Slík innheimta má hins vegar ekki hafa í för með sér kostnaðarauka fyrir lífeyrissjóðina.

Ísundi



NEFND FORSÆTISRÁÐHERRA UM ÖRORKUMÁL

Í tengslum við samkomulag Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins frá 15. nóvember 2005 gaf ríkisstjórnin út yfirlýsingu, þar sem stjórnvöld lýstu sig reiðubúna til samstarfs við Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins um leiðir sem, auk aðgerða á vettvangi lífeyrissjóðanna sjálfra, draga úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóða og jafna stöðuna milli einstakra sjóða. Til að vinna að framgangi þessa máls skipaði forsætisráðherra nefnd fulltrúa stjórnvalda, aðila vinnumarkaðarins, lífeyrissjóða og Öryrkjabandalags Íslands.

Verkefni nefndarinnar er meðal annars að gera tillögur um samræmingu á viðmiðunum til örorkumats í almannatryggingakerfinu annars vegar og lífeyrissjóðakerfinu hins vegar þar sem fyrst og fremst verði horft til vangetu einstaklinga til að afla sér tekna.

Jafnframt mun nefndin fjalla um leiðir til að efla starfsendurhæfingu í því skyni að hjálpa einstaklingum sem af einhverjum ástæðum hafa ekki fest rætur á vinnumarkaði eða þurft að hverfa af vinnumarkaði vegna atvinnuleysis eða örorku.

Áhersla verði lögð á að bjóða einstaklingsmiðaða þjónustu þar sem litið verði til starfsgetu einstaklinganna. Jafnframt verði kerfið gert einfaldara og skilvirkara og tryggð betri yfirsýn yfir þau úrræði sem eru í boði hverju sinni.

Við frekari útfærslu skal m.a. tekið mið af niðurstöðum nefndar um atvinnuleysistryggingar og vinnumarkaðs-

aðgerðir. Ríkisstjórn og aðilar vinnumarkaðarins munu koma sameiginlega að fjármögnun þessara aðgerða sem hafi það að markmiði að sem flestir verði aftur virkir á vinnumarkaði.

Nefndin var skipuð 13. febrúar 2006 og eiga eftirtaldir sæti í henni: Bolli Þór Bollason, formaður nefndarinnar, Davíð Á. Gunnarsson, Gissur Pétursson, Gunnar Gunnarsson, Gylfi Arnbjörnsson, Hannes G. Sigurðsson, Hallgrímur Guðmundsson, Hrafn Magnússon, Pétur Blöndal og Ragnar Gunnar Þórhallsson.

Ríkisstjórnin lýsti því jafnframt yfir að hún væri reiðubúin til að greiða fyrir jöfnun á örorkubyrði milli lífeyrissjóða á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins með framlagi sem svarar til 0,25% af tryggingagjaldstofni, samkvæmt nánari útfærslu milli aðila, sem komi til framkvæmda á þremur árum, 0,15% 2007, 0,20% 2008 og 0,25% 2009. Miðað við að tryggingagjaldstofninn sé nú 600 milljarðar króna verður framlagið m.v. óbreyttan stofn um 900 m.kr. 2007, um 1.200 m. kr. 2008 og um 1.500 m.kr. 2009 og framvegis. Athygli er vakin á því að þetta framlag til jöfnunar á örorkubyrði sjóðanna á einungis við um lífeyrissjóði á samningssviði Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins.

Litrík hús



ERLENT SAMSTARF

Eitt af verkefnum samtakanna er að tryggja mikilvæg og nauðsynleg tengsl við sambærileg lífeyrissjóðasamtök erlendis. Landssamtök lífeyrissjóða eru því aðilar að samtökum lífeyrissjóðasambanda innan Evrópska efnahags-svæðisins, EES. Samtökin kallast á ensku „European Federation for Retirement Provision“, skammstafað EFRP. Hlutverk EFRP er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum lífeyrissjóðasambanda Evrópuríkjanna. Starfsstöðvar samtakanna eru í Brussel og stór hluti af starfsemi felst í því að fylgjast með og hafa áhrif á lagaframkvæmd Evrópuþingsins um málefni sem tengjast lífeyrissjóðunum. Jafnframt vinna samtökin að upplýsingaöflun um þróun lífeyrismála í einstökum aðildarlöndum og miðlun þeirra upplýsinga meðal þátttökubjóða.

Nú er hálf tveggja ára liðið frá gildistöku tilskipunar fyrir stofnanir sem annast starfstengdar lífeyrissparnað, en hún tók gildi hjá aðildarlöndunum 23. september 2005. Eitthvað gengur ríkjunum erfiðlega að aðlaga tilskipunina lögum landanna. Þannig hafa ellefu aðildarríki verið send aðvörðun frá Evrópusambandinu fyrir hafa mistekist að hluta eða að öllu leyti að koma tilskipuninni til framkvæmda sem hluta af landslögum. Löndin hafa tveggja mánaða frest til að svara en að öðrum kosti verður máli þeirra vísað til Evrópuþingsmálaráðgjafaráðs. Löndin sem hér um ræðir eru; Belgía, Kýpur, Tékkland, Finnland, Frakkland, Ítalía, Litháen, Slóvakía, Slóvenía, Spánn og Bretland.

Tilskipunin gildir um stofnanir fyrir starfstengdan lífeyri, þ.e. stofnanir sem taka við iðgjöldum til myndunar og útgreiðslu lífeyrisréttinda, starfa á sjóðmynduðum grunni og eru aðskildar frá þeim fyrirtækjum sem greiða iðgjöld til þeirra. Starfsemi íslensku lífeyrissjóðanna um móttöku lögbundinna iðgjalda fellur undir reglugerð EB1408/71 og fellur því ekki undir tilskipunina. Móttaka viðbótariðgjalda og iðgjalda til séreignarsparnaðar mun hins vegar falla undir tilskipunina. Þar sem lögin um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, taka til flestra þeirra þátta sem tilskipunin fjallar um, er ekki að vænta mikilla breytinga á íslensku löggjöfinni til aðlögunar að tilskipuninni.

Aðalstræti



UMSAGNIR

Eitt helsta verkefni Landssamtaka lífeyrissjóða er að koma á framfæri við stjórnvöld, stofnanir og þingnefndir þeim sjónarmiðum sem varða hagsmuni lífeyrissjóðanna. Verður nú getið helstu umsagna Landssamtaka lífeyrissjóða.

Breytingar á fjárfestingarheimildum lífeyrissjóða.

Landssamtök lífeyrissjóða fögnuðu umræddu frumvarpi og töldu að ákvæði þess væru til verulegra bóta og í takt við þá þróun sem verið hefur í starfsumhverfi lífeyrissjóðanna á undanförunum misserum.

Í reynd fjallaði frumvarpið um tvo aðskilda þætti. Annars vegar var um að ræða nauðsynlegar breytingar á 36. grein lífeyrissjóðalaganna um fjárfestingaheimildir lífeyrissjóðanna. Hins vegar var um að ræða breytingar sem felast í því að hækka lágmarksiðgjald til lífeyrissjóða úr 10% í 12%. Landssamtökin lögðu áherslu á að í reynd væri um tvö óskyld mál að ræða, þ.e.a.s. rýmkun á fjárfestingarreglum sjóðanna annars vegar og um breytingar á lágmarksiðgjaldi hins vegar. Þó einhverjir tæknilegir annmarkar væru á því að hækka lágmarksiðgjaldið upp í 12%, megi það með engum hætti hafa áhrif á afgreiðslu frumvarpsins að öðru leyti. Rýmkun fjárfestingaheimilda sjóðanna væri óskyld mál og þess vegna væri auðvelt að afgreiða strax þann þátt frumvarpsins.

Landssamtök lífeyrissjóða gerðu athugasemd við það ákvæði frumvarpsins, þar sem gert var ráð fyrir því að heimilt væri að meta hreina eign lífeyrissjóða við endurskoðað uppgjör innan ársins, í stað þess að miða við síðasta ársuppgjör. Landssamtökin töldu of strangt að uppgjör þyrfti að vera endurskoðuð innan árs, m.a. vegna kostnaðar. Almenna venjan væri sú að endurskoðendur endurskoði ársuppgjör, en kanni hins vegar uppgjör innan árs, enda eigi það m.a. við hjá skráðum fyrirtækjum á markaði.

Breytingar á lögum um tekjuskatt.

Annars vegar fjallaði frumvarpið um að ekki skuli farið með samlagshlutfélag sem sjálfstæðan skattaðila nema óskir kæmu fram um það við skráningu og hins vegar var kveðið skýrar á um það að lífeyrissjóðirnir væru undanþegnir greiðslu tekjuskatts. LL töldu hvoru tveggja til mikillar bóta og var því lagt til að frumvarpið yrðu samþykkt óbreytt.

Breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda.

Í frumvarpinu voru lagðar til breytingar á lögum um Lífeyrissjóð bænda, sem gerir allt lagaumhverfi sjóðsins einfaldara og sambærilegt við það sem gildir um aðra sjóði, þ.á.m. að réttindaávinnsla og lífeyrisréttindi verði í samþykktum sjóðsins, en ekki fastbundin í lögum. Í umsögn sinni töldu Landssamtök lífeyrissjóða frumvarpið til mikillar bóta og var lagt til að það yrði samþykkt á yfirstandandi Alþingi.

Breytingar á samlagshlutfélagum.

Í frumvarpinu voru lagðar til ýmsar veigamiklar breytingar á hlutfélagalögnum sem varða samlagshlutfélag. Tilgangur breytinganna var sá að veita samlagshlutfélagum, sem stunda fjárfestingarstarfsemi, ákveðið frelsi til að víkja frá tilteknum ákvæðum laganna, þannig að hægt væri að auðvelda ólíkum fjárfestum, þ.á.m. lífeyrissjóðum, að standa saman að sameiginlegum fjárfestingum, m.a. í nýsköpun. Landssamtök lífeyrissjóða fögnuðu umræddu frumvarpi og lögðu til að það yrði samþykkt.

Viðbótarlífeyrissparnaðurinn skerðir ekki grunnlífeyri almennatrygginga.

Í fréttum fjölmiðla um síðustu áramót var svo að skilja að viðbótarlífeyrissparnaður gæti haft í för með sér skerðingu á grunnlífeyri almennatrygginga. Í tilefni þess sendu Landssamtök lífeyrissjóða frá sér fréttatilkynningu, þar sem kom fram að svo væri alls ekki og samkvæmt upplýsingum frá Tryggingastofnun ríkisins væru greiðslur vegna viðbótarlífeyrissparnaðar meðhöndlaðar með sama hætti og greiðslur úr lífeyrissjóðum við útreikning bóta. Þetta þyddi í raun að greiðslur vegna viðbótarlífeyrissparnaðar skerða ekki grunnlífeyri almennatrygginga.

Skoðun LL væri sú að frjáls viðbótarlífeyrissparnaður væri hagkvæmasta sparnaðarform almennings sem völ væri á. Auk viðbótarframlags frá launagreiðanda, sem gæti numið allt að 2% af launum, væri ekki greiddur af honum fjármagnstekjuskattur vegna þeirra vaxta sem menn ávinna sér á sparnaðartímanum og ekki væri greiddur af sparnaðinum erfðarfjárskattur vegna andláts. Vegna einstaklingsbundinna aðstæðna kynni hins vegar að vera hagkvæmt að innleysa lífeyrissparnaðinn áður en 67 ára aldri væri náð og flytja hann í annað sparnaðarform. Í ráðgjöf lífeyrissjóðanna væri m.a. bent á það atriði.

Allt tal um að viðbótarlífeyrissparnaður gæti haft í för með sér skerðingu á grunnlífeyri almennatrygginga bæri að skoða í því ljósi, að Tryggingastofnun ríkisins hefði ávallt meðhöndlað frjálsan lífeyrissparnað með sama hætti og greiðslur frá lífeyrissjóðum. Það hefði alltaf verið ætlun stjórnvalda að meðhöndla séreignarsparnaðinn með sama hætti og greiðslur frá lífeyrissjóðum m.a. gagnvart bótum almennatrygginga og Landssamtökum lífeyrissjóða væri ekki kunnugt um annað en að svo yrði áfram um ókomna framtíð.

Um varðveislutíma skjala sem tengjast starfsemi lífeyrissjóða.

Landssamtök lífeyrissjóða sendu út leiðbeinandi tilmæli, hversu lengi lífeyrissjóðir eigi að geyma margvísleg gögn sem tengjast starfsemi sjóðanna.

Í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða er ekki að finna ákvæði um varðveislu gagna. Í 29. gr. laganna kemur m.a. fram að stjórn lífeyrissjóðs hafi almennt eftirlit með bókhaldi o.fl. og í VIII. kafla laganna er fjallað um ársreikning og endurskoðun. Ekki eru heldur ákvæði um varðveislu gagna í lögum um váttryggingasamninga, sem tóku gildi 1. janúar s.l., né nýlegum lögum um fjármálastarfsemi. Samkvæmt þessu væri því ekki við mörg lagaákvæði að styðjast um varðveislutíma skjala sem tengjast starfsemi lífeyrissjóða.

Bókhaldsgögn og gögn vegna lánsamninga og fjárfestingar.

Hvað varðar almenn bókhaldsgögn og fylgiskjöl þá á regla 20. gr. bókhaldslaganna nr. 145/1994 beint við um þau, þ.e. geyma skal þau gögn í sjö ár frá lokum viðkomandi reikningsárs. Ársreikninga skal ávallt varðveita í 25 ár.

Um ýmis gögn vegna lánsamninga og fjárfestinga gildir í raun sama regla að því marki sem þau teljast til bókhaldsgagna eða fylgiskjala þeirra. Taka verður að sjálfsögðu tillit til „líftíma“ þeirra skjala samkvæmt efni þeirra, þ.e.

hversu lengi stendur skuldbindingin/krafan samkvæmt skjalinu, og e.t.v. miða sjö ár frá þeim tíma sem krafan er uppgreidd.

Heilsufarslegar upplýsingar og gögn um lífeyrisréttindi sjóðfélaga.

Gögn sem varða lífeyrisréttindi sjóðfélaga og heilsufarslegar upplýsingar um sjóðfélaga verður að geyma svo lengi sem á þau getur reynt. Regla 5. tl. 1. mgr. 7. gr. laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga geti fyrst og fremst átt við um þessi gögn, þó gögn er varða persónubundin fjárhagsleg málefni einstakra sjóðfélaga geti einnig átt þar undir. En eins og ákvæðið hljóðar þá er svigrúmið þar rúmt að því leyti að heimilt er að varðveita þessi gögn þótt persónugreinanleg séu svo lengi sem nauðsynlegt er miðað við tilgang viðkomandi gagna.

Snæfellsjökull





AÐILDARSJÓÐUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Lífeyrissjóður	Hrein eign 31.12.2004 þús. króna	Hlutfallsskipting eigna í %
Lsj. starfsmanna ríkisins	179.861.124	18,32%
Lsj. verzlunarmanna	150.701.842	15,35%
Gildi - lífeyrissjóður 1)	145.777.994	14,85%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	59.778.385	6,09%
Lífeyrissjóður Norðurlands 2)	39.167.662	3,98%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn 3)	35.658.118	3,63%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	33.790.004	3,44%
Almenni lífeyrissjóðurinn 4)	33.106.691	3,37%
Lífeyrissjóðurinn Lífiðn 5)	27.249.424	2,78%
Lífeyrisjóður bankamanna	25.567.809	2,60%
Samvinnulífeyrissjóðurinn 5)	24.282.104	2,47%
Lífeyrissjóður Suðurlands 6)	22.759.343	2,32%
Lífeyrissjóður lækna 4)	18.624.666	1,90%
Lífeyrissjóður Austurlands 2)	18.355.920	1,87%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	17.850.447	1,82%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	17.595.850	1,79%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	15.519.891	1,58%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	15.062.065	1,53%
Lífeyrissjóður bænda	13.894.194	1,42%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	12.382.185	1,26%
Lífeyrissjóður Vesturlands 6)	11.295.059	1,15%
Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	10.959.237	1,12%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	10.352.123	1,05%
Eftirlaunasjóður FÍA	10.193.237	1,04%
Lífeyrissj. starfsmanna Búnaðarbanka Ísl.	9.071.163	0,92%
Lsj. Eimskipafélags Íslands	3.119.405	0,32%
Lsj. Rangæinga	2.973.578	0,30%
Lsj. Bolungarvíkur 3)	2.542.380	0,26%
Lsj. Flugvirkjafélags Íslands	2.418.684	0,25%
Lsj. Tannlæknafélags Íslands	1.842.771	0,19%
Ls. starfsmanna Kópavogskaupstaðar	1.747.773	0,18%
Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfjarðarkaupst.	1.625.460	0,17%
Lsj. Mjólkursamsölnunnar	1.480.328	0,15%
Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	1.306.001	0,13%
Lsj. Akraneskaupstaðar	946.454	0,10%
E. starfsmanna Olíuverzlunar Íslands	702.482	0,07%
Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands	613.988	0,06%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	608.528	0,06%
Lsj. starfsm. Áburðarverksmiðju ríkisins	505.608	0,05%
Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurkaupst.	399.524	0,04%
Lsj. Neskaupstaðar	210.244	0,02%
Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjarbæjar	-16.387	0,00%
Samtals í LL	981.883.358	100,00%

1) Gildi-lífeyrissjóður varð til 1. júní 2005 með sameiningu Lífeyrissjóð sjómanna og Lífeyrissjóðsins Framsýnar

2) Viðræður eru í gangi um hugsanlega sameiningu Lífeyrissjóðs Norðurlands og Lífeyrissjóðs Austurlands.

3) Fyrir liggur viljayfirlýsing að Lífeyrissjóður Bolungarvíkur sameinist Frjálsa lífeyrissjóðnum frá 1. janúar 2006.

4) Lífeyrissjóður lækna sameinaðist Almenna lífeyrissjóðnum þann 1. janúar 2006.

5) Fyrirhuguð er sameining Lífeyrissjóðsins Lífiðnar og Samvinnulífeyrissjóðsins frá 1. janúar 2006.

6) Viðræður eru í gangi um hugsanlega sameiningu Lífeyrissjóðs Suðurlands og Lífeyrissjóðs Vesturlands, en áður eða 1. júlí 2005 höfðu Lífeyrissjóður Suðurlands og Lífeyrissjóður Suðurnesja sameinast undir nafni Lífeyrissjóðs Suðurlands.

LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA

ÁRSREIKNINGUR 2005



SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNENDA Á ÁRSREIKNINGINN

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2005 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 31,1 millj. kr. og hagnaður af rekstrinum var 6,3 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 41,2 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 34,8 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2005 með undirritun sinni.

Reykjavík, 21. mars 2006.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:

Friðbert Traustason

Arnar Sigmundsson

Þorbjörn Guðmundsson

Arnaldur Loftsson

Margeir Danielsson

Gunnar Baldvinsson

Sigurbjörg Björnsdóttir

Þórunn Sveinbjörnsdóttir

Framkvæmdastjóri:

Hrafn Magnússon



ÁRITUN ENDURSKOÐENDA

Stjórn og aðildarsjóðir Landssamtaka Lífeyrissjóða.

Við höfum endurskoðað ársreikning Landssamtaka Lífeyrissjóða fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 - 10. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum samtakanna og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur meðal annars í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Landssamtaka Lífeyrissjóða á árinu 2005, efnahag þeirra 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og góða reikningskilavenju.

Reykjavík, 21. mars 2006.

Sæmundur Valdimarsson

KPMG Endurskoðun hf.

REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2005

	Skýr.	2005	2004
REKSTRARTEKJUR:			
Árgjöld	2	<u>31.125.828</u>	<u>29.543.943</u>
		<u>31.125.828</u>	<u>29.543.943</u>
REKSTRARGJÖLD:			
Laun og launatengd gjöld	5	16.596.977	15.437.360
Annar rekstrarkostnaður	6	12.104.502	13.377.568
Afskriftir	7	<u>251.852</u>	<u>366.153</u>
		<u>28.953.331</u>	<u>29.181.081</u>
Rekstrarhagnaður án fjármunatekna og fjármagnsgjalda .		2.172.497	362.862
FJÁRMUNATEKJUR OG (FJÁRMAGNSGJÖLD):			
Vaxtatekjur		4.231.535	2.888.984
Arður		168.955	140.796
Vaxtagjöld		(237.481)	(83.237)
		<u>4.163.009</u>	<u>2.946.543</u>
Hagnaður	9	<u><u>6.335.506</u></u>	<u><u>3.309.405</u></u>



EFNAHAGSREIKNINGUR

Eignir

	Skýr.	2005	2004
FASTAFJÁRMUNIR:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Áhöld, innréttingar og tölvubúnaður	7	<u>433.322</u>	<u>422.572</u>
Áhættufjármunir:			
Eignarhlutir í félögum	8	<u>762.208</u>	<u>762.208</u>
		<u>1.195.530</u>	<u>1.184.780</u>
VELTUFJÁRMUNIR:			
Skammtímakröfur		1.713.596	1.768.680
Handbært fé		<u>48.803.274</u>	<u>38.210.206</u>
		<u>50.516.870</u>	<u>39.978.886</u>
		<u>51.712.400</u>	<u>41.163.666</u>

31. DESEMBER 2005

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2005	2004
Eigið fé	9	<u>41.173.199</u>	<u>34.837.693</u>
SKAMMTÍMASKULDIR:			
Ýmsar skammtímaskuldir		<u>10.539.201</u>	<u>6.325.973</u>
Skuldir samtals		<u>10.539.201</u>	<u>6.325.973</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>51.712.400</u>	<u>41.163.666</u>

SKÝRINGAR

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

1. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs-reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Innlausn tekna

2. Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu eru miðuð við iðgjaldtekjur þeirra á árinu 2004. Árgjöldin eru 0,070% af 10% lágmarksiðgjöldum sjóðanna. Þeir sjóðir sem taka ekki lengur við iðgjöldum greiða 0,0033% af hreinni eign í árslok 2004.

Varanlegir rekstrarfjármunir

3. Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Eignarhlutir í félögum

4. Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

Laun og launatengd gjöld

5. Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2005	2004
Laun	13.261.397	12.039.899
Launatengd gjöld	3.286.182	2.718.920
Áfallið orlof	49.398	678.541
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>16.596.977</u>	<u>15.437.360</u>

Stöðugildi í árslok umreiknuð í heilsársstörf

	1	1
--	---	---

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna greinist þannig:

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri	10.612.316
Friðbert Traustason, formaður stjórnar	796.450
Arnar Sigurmundsson, varaformaður stjórnar	532.016
Haukur Hafsteinsson, fyrrverandi varaformaður	474.838
Margeir Daníelsson	398.225
Víglundur Þorsteinsson	398.225
Þórunn Sveinbjörnsdóttir	398.225
Þorbjörn Guðmundsson	398.225
Gunnar Þór Baldvinsson	282.581
Árni Guðmundsson	150.000
Stefán A. Halldórsson	32.500
Sigurbjörg Björnsdóttir	15.000

**Skýringar, frh.:**

6. Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2005	2004
Húsaleiga	1.295.004	1.263.555
Annar húsnæðiskostnaður	252.110	302.346
Pappír, prentun, ritföng	1.176.223	804.689
Símakostnaður	353.478	286.423
Burðargjöld	118.286	110.204
Bækur, blöð og tímarit	265.310	268.098
Aðkeypt þjónusta	4.393.089	6.444.851
Rekstur bifreiðar	1.299.957	1.410.143
Ferðakostnaður	239.780	522.065
Fundir, ráðstefnur, námskeið	1.679.043	441.926
Auglýsingar	198.465	178.153
Félagsgjöld	595.958	609.458
Gjaldfærðir rekstrarfjármunir	0	223.819
Annar kostnaður	237.799	511.838
Annar rekstrarkostnaður samtals	<u>12.104.502</u>	<u>13.377.568</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir

7. Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:	Áhöld, innréttingar og tölvubúnaður
Stofnverð 1.1.2005	1.904.022
Keypt á árinu	262.602
Stofnverð 31.12.2005	2.166.624
Afskrifað 1.1.2005	1.481.450
Afskrifað á árinu	251.852
Afskrifað 31.12.2005	1.733.302
Bókfært verð 31.12.2005	433.322
Afskriftahlutföll	<u>20–33%</u>

Áhættufjármunir

8. Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum greinast þannig:	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða um verðbréfaþing ehf.	7,5%	672.208
Greiðslustofa lífeyrissjóða sf.	9,0%	<u>90.000</u>
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals		<u>762.208</u>

Skýringar, frh.:

Eigið fé

9. Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum:

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2005	24.416.897	10.420.796	34.837.693
Hagnaður ársins		<u>6.335.506</u>	<u>6.335.506</u>
Eigið fé 31.12.2005	<u>24.416.897</u>	<u>16.756.302</u>	<u>41.173.199</u>

Skuldbindingar

10. Landssamtökin hafa gert rekstrarleigusamning um bifreið. Skuldbinding vegna samnings, sem ekki er færð í efnahagsreikning, nemur 0,5 millj. kr. og greiðist á árinu 2006.

